

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II. HLUTI

Greining ársreikninga

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Greining ársreikninga.....

Prófdagur: 30. janúar 2013..... Kl.: ..16.00-20.00.....

Úrlausnartími: 4... klst. Prófblið: ...12 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Engin leyfileg hjálpargögn
Netnotkun er óheimil.

Fylgiblöð: Kennitölublað
Tölulegar upplýsingar
einnig rafrænt með
prófinu.

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Verkefni 1 (48 mín. 20%) - Krossaspurningar

Merkið við eitt rétt svar með því skrá viðkomandi bókstaf við hlið númers spurningarinnar í excel skjalinu. Nota skal 360 daga á ári þar sem það á við. Hver spurning gildir 2% og aðeins eitt rétt svar er við hverri spurningu. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. (2%) Samkvæmt sjóðstreymi Bola ehf. árið 2011 hækkaði handbært fé á árinu 2012 um kr. 300.000. Einnig kemur fram í sjóðstreyminu að félagið hafi notað kr. 200.000 í fjárfestingar á árinu og að fjármögnunarahreyfingar hafi skilað handbæru fé upp á kr. 100.000. Hvert var handbært fé frá rekstri á árinu 2012 ?

- a) 600.000
- b) 200.000
- c) 300.000
- d) 100.000
- e) Ekkert af ofangreindu

2. (2%) Hvaða kennitala veitir upplýsingar um nýtingu fjármagns hjá fyrirtæki ?

- a) Veltufjárhlutfall
- b) Lausafjárhlutfall
- c) Biðtími birgða
- d) Eiginfjárhlutfall

3. (2%) Þegar upphafsbirgðir eru ofmetnar, þá er :

- a) Kostnaðarverð seldra vara vanmetið og hagnaður ofmetinn
- b) Sala vanmetin og hagnaður vanmetinn
- c) Álagning ofmetin og hagnaður ofmetinn
- d) Kostnaðarverð seldra vara ofmetið og hagnaður vanmetinn

4. (2%) Í ársbyrjun námu eignir Lampa ehf. kr. 478.525 og skuldir námu kr. 628.854. Á árinu hækkuðu eignir um kr. 254.325 og eigið fé hækkaði um kr. 82.500. Hverjar voru skuldir í árslok:

- a) 732.850
- b) 171.825
- c) -67.829
- d) 800.679
- e) Ekkert af ofangreindu

5. (2%) Kjölur ehf. á hlutabréf í Ax ehf. að nafnvirði kr. 300.000, en heildarhlutafé í Ax ehf. er kr. 900.000. Kjölur ehf. ætti því að flokka hlutabréf sín í Ax ehf. sem :

- a) Hlutabréf í öðrum félögum
- b) Dótturfélag
- c) Hlutdeildarfélag
- d) Markaðsverðbréf

6. (2%) Eiginfjárhlutfall Húfu ehf. var 40% í lok ársins 2011. Heildarskuldir námu kr. 3.000.000. Heildarfjárhæð fastafjármuna nam kr. 1.800.000. Hver var heildarfjárhæð veltufjármuna í árslok 2011 ?

- a) 1.200.000
- b) 4.500.000
- c) 3.200.000
- d) 5.000.000
- e) Ekkert af ofangreindu

7. (2%) Heimur ehf. var stofnað þann 1. janúar 2011. Árið 2011 var hagnaður af rekstri félagsins kr. 400.000 og þann 1. júlí 2011 var hlutafé aukið um kr. 600.000. Hagnaður ársins 2012 var kr. 700.000 og þann 1. júní 2012 var greiddur út arður að fjárhæð kr. 300.000. Eigið fé félagsins þann 31. desember 2012 var kr. 2.300.000. Hvert var upphaflegt hlutafé félagsins þegar það var stofnað ?

- a) 1.100.000
- b) 300.000
- c) 1.400.000
- d) 900.000
- e) Ekkert af ofangreindu

8. (2%) Eigið fé Gamla ehf. var kr. 2.000.000 í árslok 2011 en hagnaður ársins 2011 nam kr. 500.000. Hlutafé var óbreytt á árinu og enginn arður var greiddur. Arðsemi eigin fjár á árinu 2011 var því :

- a) 10%
- b) 33,3%
- c) 25%
- d) 50%
- e) Ekkert af ofangreindu

9. (2%) Endurskoðandi Bakka ehf. telur að reikningsskilin séu villandi og gefi mjög ranga mynd af rekstri og fjárhagsstöðu félagsins. Líklegast er að áritun endurskoðandans verði :

- a) Fyrirvaralaus áritun
- b) Áritun með fyrirvara
- c) Áritun án álits
- d) Neikvætt álit

10. (2%) Tekjuskattsprósentan 36% (árið 2012) á við um :

- a) Alla lögaðila
- b) Lögaðila með ótakmarkaða ábyrgð
- c) Hf., ehf., sf., slf og útibú erlendra félaga
- d) Lögaðila með takmarkaða ábyrgð
- e) Ekkert af ofangreindu

Verkefni 2 (70 mín. 29%) - Textaspurningar

Leitað er eftir stuttum og hnitmiðuðum svörum. Hafið í huga þau tímamörk sem hverri spurningu eru sett.

a) 4%

Tekjureglan er ein af meginreglum reikningshaldsins. Útskýrið hana og nefnið 2 dæmi um notkun hennar.

b) 4%

Skilgreinið rekstrarhæfi og nefnið 4 fyrirboða rekstrarstöðvunar, þar af 2 ófjárhagslega.

c) 4%

Nefnið 4 leiðir til að bæta veltufjárhlutfall fyrirtækis og nefnið einn kost og einn galla við að það sé í hærri kantinum.

d) 3%

Hvernig verður tekjuskattsskuldbinding til ?

e) 4%

Fyrir hvað standa þessar skammstafanir ?

GAAP
IASB
EBITDA
IFRS
RR1
FME

f) 4%

Fjallið stuttlega um ábyrgð endurskoðenda annars vegar og ábyrgð stjórnar hins vegar í tengslum við reikningsskil fyrirtækis.

g) 3%

Þegar fyrirtæki eru sameinuð þannig að eitt fyrirtæki yfirtekur annað þá flytjast skattaleg réttindi og skyldur frá hinu yfirtekna félagi til yfirtökufélagsins, þar á meðal yfirfæranlegt tap. Til þess að yfirfæranlegt tap hins yfirtekna félags fáiist viðurkennt við sameininguna þarf að uppfylla nokkur skilyrði. Nefnið 3 þeirra.

h) 3%

Hvað eru alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og hvaða félög eru skyldug til að fara eftir þeim ?

Verkefni 3 (14 mín 6%)

Kostnaðarverð seldra vara hjá Skjásölunni slf. var kr. 15.600 árið 2012 og námu þau 60% af vörusölu ársins. Annar rekstrarkostnaður var kr. 3.500, vaxtatekjur voru kr. 600 og vaxtagjöld kr. 1.200. Hagnaðarhlutfall var 12%. Tekjuskattur var skv. lögum um tekjuskatt og afskriftir eru afgangstala.

Setjið upp rekstrarreikning ársins 2012 fyrir Skjásöluna slf.

Verkefni 4 (48 mín. 20%)

Settu þig í fótspor ráðgjafa sem er að ráðleggja fjárfesti varðandi kaup á fyrirtæki. Samstæðuársreikningur fyrirtækisins (rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og sjóðstreymi) fyrir árið 2012 er meðfylgjandi. Móðurfélagið á fasteign og eitt dótturfélag sem rekur hótél í fasteigninni. Fjárfestirinn leitar ráða hjá þér og vill fræðast um nokkur atriði sem þú ert beðinn um að svara:

- a) (2%) Í rekstrarreikningi er liður sem heitir „Hlutdeild í afkomu dótturfélaga“. Hvaðan er þessi fjárhæð almennt fengin og hvernig tengist hún efnahagsreikningi ?
- b) (2%) Í rekstrarreikningi er liður sem heitir „Tekjuskattur“. Eins og sést er fjárhæðin jákvæð. Fyrirtækið mun ekki greiða skatta til ríkissjóðs vegna rekstrar ársins. Hvernig stendur þá á því að þessi fjárhæð er færð þarna?
- c) (2%) Í efnahagsreikningi er liður sem heitir „Viðskiptavild“. Félagið hefur í hyggju að breyta um reikningsskilaaðferð og fara að nota alþjóðlega reikningsskilastaðla. Hvernig er viðskiptavild metin samkvæmt íslenskum ársreikningalögum annars vegar og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum hins vegar?
- d) (2%) Í efnahagsreikningi er liður sem heitir „Kröfur á tengd félög“. Þar er fjárhæð undir dálknum móðurfélag en engin fjárhæð undir dálknum samstæða. Hvers vegna ?
- e) (2%) Í efnahagsreikningi er liður sem heitir „Yfirverðsreikningur hlutafjár“. Fyrir hvað stendur hann og hvernig myndast hann?
- f) (2%) Í sjóðstreyminu gefur að líta margar áhugaverðar fjárhæðir. Hvaða fjárhæð er almennt talin sú áhugaverðasta og hvers vegna?
- g) (2%) Að því gefnu að reikningsskilin séu endurskoðuð, hvaða tegund af áritun er líklegt að endurskoðandinn myndi gefa? Rökstyðjið.
- h) (4%) Nefndu 2 jákvæð og 2 neikvæð atriði varðandi það sem þú lest út úr ársreikningnum og segðu hvers vegna þú telur þau jákvæð/neikvæð.
- i) (2%) Hver er helsta áhættan sem fyrirtækið stendur frammi fyrir? Nefnið 2 atriði. Hér er átt við bæði þá áhættu sem lesa má úr reikningsskilunum og einnig almennt, þ.e. fasteignafélag sem á dótturfélag sem rekur hótél.

Rekstrarreikningur ársins 2012

	Samstæða 2012	Samstæða 2011	Móðurfélag 2012	Móðurfélag 2011
Rekstrartekjur				
Sala	430.445.953	362.419.008	0	0
Húsaleiga	7.748.127	6.563.907	111.130.615	98.850.441
	<u>438.194.080</u>	<u>368.982.915</u>	<u>111.130.615</u>	<u>98.850.441</u>
Rekstrargjöld				
Kostnaðarverð seldra vara	30.016.459	29.144.381	0	0
Laun og tengd gjöld	163.992.322	159.970.441	0	0
Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	75.344.590	58.189.031	957.755	901.398
Annar rekstrarkostnaður	56.769.417	61.807.671	0	0
Húsnæðiskostnaður	24.656.311	13.248.599	24.656.311	13.248.599
Afskriftir	38.231.484	36.073.869	37.877.927	36.037.481
	<u>389.010.583</u>	<u>358.433.992</u>	<u>63.491.993</u>	<u>50.187.478</u>
Rekstrarhagnaður	49.183.497	10.548.923	47.638.622	48.662.963
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага				
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	1.885.411	(30.553.536)
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgj)	49.183.497	10.548.923	49.524.033	18.109.427
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals ..	(50.597.094)	(163.234.065)	(51.351.501)	(164.087.695)
Tap af reglulegri starfsemi fyrir skatta	(1.413.597)	(152.685.142)	(1.827.468)	(145.978.268)
Skattar				
Tekjuskattur	254.129	27.482.874	668.000	20.776.000
Tap	(1.159.468)	(125.202.268)	(1.159.468)	(125.202.268)

Efnahagsreikningur

	Eignir			
	Samstæða 31. 12. 2012	Samstæða 31. 12. 2011	Móðurfélag 31. 12. 2012	Móðurfélag 31. 12. 2011
Fastafjármunir				
Óefnislegar eignir				
Viðskiptavild	30.000.000	30.000.000	30.000.000	30.000.000
	30.000.000	30.000.000	30.000.000	30.000.000
Varanlegir rekstrarfjármunir				
Fasteign	1.139.351.822	1.162.528.539	1.139.351.822	1.162.528.539
Innréttingar, búnaður, verkfæri og áhöld ...	59.718.303	71.494.509	56.188.527	70.040.426
	1.199.070.125	1.234.023.048	1.195.540.349	1.232.568.965
Áhættufjármunir og langtímakröfur				
Eignarhlutar í dótturfélögum	0	0	12.565.487	10.680.076
Eignarhlutar í öðrum félögum	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000
Tekjuskattsinnæign	36.038.452	35.784.323	21.183.000	20.515.000
	41.038.452	40.784.323	38.748.487	36.195.076
Fastafjármunir	1.270.108.577	1.304.807.371	1.264.288.836	1.298.764.041
Veltufjármunir				
Vörubirgðir				
Vörubirgðir	1.523.797	5.894.915	0	0
	1.523.797	5.894.915	0	0
Skammtímakröfur				
Viðskiptakröfur	51.324.292	29.656.349	2.716.719	1.410.582
Kröfur á tengd félög	0	0	113.419.746	84.601.229
Aðrar skammtímakröfur	20.192.680	9.246.618	260.069	66.889
	71.516.972	38.902.967	116.396.534	86.078.700
Handbært fé				
Sjóður.....	400.000	500.000	0	0
Bankainnstæður	62.169.746	4.210.722	21.589.264	576.849
	62.569.746	4.710.722	21.589.264	576.849
Veltufjármunir	135.610.515	49.508.604	137.985.798	86.655.549
Eignir	1.405.719.092	1.354.315.975	1.402.274.634	1.385.419.590

31. desember 2012

Eigið fé og skuldir

	Samstæða 31. 12. 2012	Samstæða 31. 12. 2011	Móðurfélag 31. 12. 2012	Móðurfélag 31. 12. 2011
Eigið fé				
Hlutfé	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár	8.000.000	8.000.000	8.000.000	8.000.000
Óráðstafað eigið fé	<u>(141.576.037)</u>	<u>(142.735.506)</u>	<u>(56.804.650)</u>	<u>(55.645.181)</u>
Eigið fé	<u>(132.576.037)</u>	<u>(133.735.506)</u>	<u>(47.804.650)</u>	<u>(46.645.181)</u>
Skuldir				
Langtímaskuldir				
Skuldabréfalán	<u>1.157.746.003</u>	<u>959.599.511</u>	<u>1.157.746.003</u>	<u>959.599.511</u>
	<u>1.157.746.003</u>	<u>959.599.511</u>	<u>1.157.746.003</u>	<u>959.599.511</u>
Skammtímaskuldir				
Skammtímalán.....	179.458.253	434.290.861	179.458.253	434.290.861
Viðskiptaskuldir	6.394.819	19.398.987	1.001.476	14.024.935
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	66.373.371	0	66.373.371	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	122.891.620	66.912.122	45.500.181	24.149.464
Fyrirfram innheimtar tekjur.....	<u>5.431.063</u>	<u>7.850.000</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
	<u>380.549.126</u>	<u>528.451.970</u>	<u>292.333.281</u>	<u>472.465.260</u>
Skuldir og skuldbindingar	<u>1.538.295.129</u>	<u>1.488.051.481</u>	<u>1.450.079.284</u>	<u>1.432.064.771</u>
 Eigið fé og skuldir	 <u>1.405.719.092</u>	 <u>1.354.315.975</u>	 <u>1.402.274.634</u>	 <u>1.385.419.590</u>

Sjóðstreymi ársins 2012

	Samstæða 2012	Samstæða 2011	Móðurfélag 2012	Móðurfélag 2011
Rekstrarhreyfingar				
Tap ársins	(1.159.468)	(125.202.268)	(1.159.468)	(125.202.268)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi				
Afskriftir	38.231.483	36.003.869	37.877.927	36.037.481
Verðbætur og gengismunur.....	(16.256.683)	118.594.879	(16.256.683)	118.594.879
Tekjuskattskuldbinding - breyting.....	(254.129)	(27.482.874)	(668.000)	(20.776.000)
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga.....	0	0	(1.885.411)	30.553.536
Veltufé frá rekstri	20.561.203	1.913.606	17.908.365	39.207.628
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum				
Vörubirgðir, lækkun, (hækkun)	4.371.117	(3.089.890)	0	0
Skammtimákröfur, lækkun, (hækkun)	(32.614.005)	7.348.110	(1.499.317)	9.961.035
Skammtimaskuldir, (lækkun), hækkun	43.375.331	21.265.070	8.327.257	(6.789.197)
Handbært fé frá rekstri	35.693.646	27.436.896	24.736.305	42.379.466
Fjárfestingarhreyfingar				
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(3.278.560)	(159.811.226)	(849.311)	(158.390.755)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	0	950.000	0	950.000
Lán til dótturfélags	0	0	(28.818.517)	(15.075.734)
Fjárfestingarhreyfingar	(3.278.560)	(158.861.226)	(29.667.828)	(172.516.489)
Fjármögnunarhreyfingar				
Nýjar langtímaskuldir	300.000.000	0	300.000.000	0
Afborganir langtímalána	(19.223.454)	0	(19.223.455)	0
Skammtímalán	(254.832.608)	125.048.382	(254.832.608)	125.048.382
Fjármögnunarhreyfingar	25.943.938	125.048.382	25.943.938	125.048.382
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	58.359.024	(6.375.948)	21.012.415	(5.088.641)
Handbært fé í upphafi árs	4.210.722	11.086.670	576.849	5.665.490
Handbært fé í lok árs	62.569.746	4.710.722	21.589.264	576.849

Verkefni 5 (60 mín. 25%)

Sveinn Jónsson er fjárfestir og á hlutabréf í tæknifyrirtækinu Zoom hf. Hann hefur verið að hugleiða að breyta um stefnu og fjárfesta í verslunarfyrirtækinu Lind hf. og selja bréf sín í Zoom hf. Hann er búinn að útvega ársreikninga þriggja síðustu ára fyrir bæði félög (sjá meðfylgjandi) en vantar aðstoð þína við að ákveða hvort hann eigi að láta verða af því að selja bréf sín í Zoom hf. og kaupa í Lind hf. Eitt af því sem hefur fengið Svein til að hugleiða þetta er yfirvofandi fjárþörf Zoom hf. og líklegt er talið að hluthafar verði beðnir um að leggja fram aukið hlutafé til félagsins. Sveinn hefði heldur ekkert á móti því að geta losað um einhvern pening auk þess að vera áfram þátttakandi í atvinnurekstri. Einnig liggja fyrir meðaltöl kennitalna úr báðum atvinnugreinum. Enginn arður var greiddur á árinu hjá félögunum og ekki urðu breytingar á hlutafé þeirra á árinu.

Verkefni þitt er :

- a. Reikna út fyrir árin 2010-2012 fyrir bæði félögin kennitölurnar (15%)
 - i. Meðalálagning
 - ii. Eiginfjárlutfall
 - iii. Veltufjárlutfall
 - iv. Lausafjárlutfall
 - v. Biðtíma birgða
 - vi. Innheimtutíma krafna
 - vii. EBITDA
 - viii. Arðsemi eigin fjár
 - ix. EBITDA margfaldarann (V/EBITDA)
 - x. V/H hlutfall
 - xi. Markaðsverðmæti
 - xii. EBITDA / sala
- b. Skrifa stutta greinargerð (5-10 línur) til Sveins þar sem þú lýsir þeim möguleikum sem Sveinn stendur frammi fyrir, þ.e. að halda bréfunum í Zoom hf. eða selja þau og kaupa bréf í Lind hf., og ráðleggur honum hvað hann eigi að gera út frá greiningunni í a-lið og hugsanlega fleiri liðum eins og áhættu og ófjárhagslegum þáttum í umhverfinu. Athugið að félögin eru ekki í sömu atvinnugrein og eru þær nokkuð ólíkar hvað varðar áhættu, eðli og vaxtarmöguleika. (10%)

Fylgiskjal vegna verkefnis 5

Rekstrarreikningur 2010-12 (milljónir króna)								
	Zoom hf.				Lind hf.			
	2012	2011	2010		2012	2011	2010	
Sala	8.100	6.300	5.300		12.000	11.500	11.000	
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(3.300)	(2.500)	(2.100)		(8.800)	(8.400)	(8.000)	
Rekstrargjöld, önnur en afskriftir	(2.000)	(1.400)	(1.200)		(2.000)	(1.900)	(1.800)	
Afskriftir	(1.000)	(800)	(600)		(600)	(600)	(500)	
Vextir	(900)	(800)	(700)		(300)	(300)	(300)	
Skattar	(200)	(170)	(150)		(60)	(70)	(90)	
Hagnaður ársins	700	630	550		240	230	310	

Efnahagsreikningur 31/12 2012 og 31/12 2011 og 31/12 10 (milljónir króna)

	Zoom hf.					Lind hf.			
Eignir	31/12 12	31/12 11	31/12 10	31/12 09		31/12 12	31/12 11	31/12 10	31/12 09
Fastafjármunir:									
Ófnislegar eignir	1.800	1.800	1.800	1.800		100	100	100	100
Fasteignir og tæki	1.200	1.000	800	700		2.000	2.000	1.700	1.600
	3.000	2.800	2.600	2.500		2.100	2.100	1.800	1.700
Veltufjármunir:									
Birgðir	350	300	200	200		1.300	1.200	1.000	900
Viðskiptakröfur	800	500	400	300		700	650	500	450
Handbært fé	50	100	100	70		200	250	200	150
	1.200	900	700	570		2.200	2.100	1.700	1.500
Eignir samtals	4.200	3.700	3.300	3.070		4.300	4.200	3.500	3.200
Eigið fé og skuldir									
Eigið fé:									
Hlutfé	50	50	50	50		50	50	50	50
Annað eigið fé	1.430	730	100	(450)		1.660	1.430	1.200	890
	1.480	780	150	(400)		1.710	1.480	1.250	940
Skuldir:									
Langtímaskuldir	1.500	1.600	1.500	1.300		600	700	800	900
Næsta árs afborganir	(150)	(150)	(100)	(100)		(100)	(100)	(100)	(100)
	1.350	1.450	1.400	1.200		500	600	700	800
Ýmsar skammtímaskuldir	1.220	1.320	1.650	2.170		1.990	2.020	1.450	1.360
Næsta árs afborganir	150	150	100	100		100	100	100	100
	1.370	1.470	1.750	2.270		2.090	2.120	1.550	1.460
Skuldir samtals	2.720	2.920	3.150	3.470		2.590	2.720	2.250	2.260
Eigið fé og skuldir samtals	4.200	3.700	3.300	3.070		4.300	4.200	3.500	3.200

Upplýsingar um meðaltöl í hvorri atvinnugrein árið 2012

	Tæknigeirinn	Verslun
Meðalálagning	133%	35%
Eiginfjárlutfall	28%	25%
Veltufjárlutfall	1,05	1,20
Lausafjárlutfall	0,65	0,80
Veltuhraði birgða	9,00	7,50
Meðalbirgðatími	40,00	48,00
Innheimtutími krafna	27,00	22,00
Arðsemi eigin fjár	20%	17%
V/EBITDA	4,3	5,1
V/H hlutfall	19,9	10,0
EBITDA/Sala	30,5%	10,0%